
Félagið Myndkynning:

Grafik

eftir Erro, Dali, Vasarely, Yvaral, Calder o.fl.

Sölusýning

Kjarvalsstaðir í Ágúst 1976



FÉLAGIÐ MYNDKYNNING
GRAFÍK-SÝNING 6. - 16 ÁGÚST

M Y N D S K R Á

Nr. 1 CORNEILLE: Green Woman, litografi, 120 eint., áritað, númerað
" 2 ROSLAR GREEN: Le Boulevard St. Michel, 175 eint., árituð, númeruð
" 3 CLAUDE SAUZET: Nu flamme, litografi, 285 eint. áritað, númerað
" 4 BENT LINDSTRÖM: Tendresse Maternelle, litogr., 150 eint. áritað,nr.
" 5 PATRICK PROCTOR: Marcus and a Pink, akvatintetsning, 500 eint. áritað, númerað
" 6 ESKIL NORDELL: Vårflanörer, litogr. 150 eint., áritað, númerað
" 7 JACQUES SOISSON: Omabra, litografi, 90 eint., áritað, númerað
" 8 MAX PAPART: The Smile of Gilda, litogr. 120 eint. áritað, númerað
" 9 GEORGES ROHNER: Solaire, litografi, 150 eint., árituð, númeruð
" 10 WILL BARNET: Kötturinn og kanarífuglinn, litogr.225 eint. áritað, númerað
" 11 ARNAUD D'HAUTERIVES: Ecuador, litogr. 150 eint. áritað, númerað
" 12 CARLOS DAVIA: Spectrum IV, Etsning, 99 eint., áritað, númerað
" 13 WERNER DREWES: Spegilmyndir, trérista, 250 eint., áritað,næumerað
" 14 PIERO CARABELLESE: Blómagluggi, litografi, 275 eint. áritað, núm.
" 15 GEORGES RHONER: Musica, litografi, 150 eint. áritað, númerað
" 16 CECILIA FRISEDAHL: Africa Brinner, litogr. 95 eint. áritað, núm.
" 17 ALEXANDER CALDER: Haust, serigrafi, áritað á plötuna, ónúmerað
" 18 " " : Vor, " " " " "
" 19 GUY MASSOL: Abstraction, litogr. 285 eint. áritað, númerað
" 20 GAETANO POMPA: Riddarinn, " 75 eint. " "
" 21 JEAN ETIENNE SIRY: Gróður, litogr. 275 eint. " "
" 22 VICTOR VASARELY: Bi-Vega, litogr. 250 eint. " "
" 23 SALVADOR DALI: Cheval Royal, etsning, 85 eint." "
" 24 LEBADANG: Les chevaux bleus, litogr. 190 " " "
" 25 " : Les chevaux rouge, " 100 " " "
" 26 ERRO : Skáldið, serigrafi, árituð, ónúmeruð (E/A)
" 27 " : Pop Art, " "
" 28 " : Leonardo da Vinci, "
" 29 " : Picasso-burger, "
" 30 " : Le famille francaise, "
" 31 " : Trois Tolstoi, "
" 32 " : Le voyage désert "
" 33 " : Erasmus heilaþveginn "
" 34 " : Páfinn og stúlkan "
" 35 " : Made in Japan, litografi, áritað númerað 100 eint.

ERRO: frh.

Nr. 36, 37, 38, 39, 40, 41 - úr myndröðinni "Made in Japan"
litografia, árituð, númeruð, 100 eintök

" 42 ERRO: The twins and Stalin, litogr. árituð, númeruð, 100 eint.

"43-46 " : KÍNA myndröðin, serigrafia, árituð, ónúmeruð (E/A)

" 47 " : La reine Elisabeth, litogr. " , númeruð, 100 eint.

" 48 " : The Red telephone, " " " "

" 49 " : Wagner, serigr. árituð, ónúmeruð (E/A)

" 50 DE CARLO: Hesturinn, litogr. árituð, númeruð, 275 eint.

" 51 MARCEL GENAY: Húsið, litogr. árituð, númeruð, 285 eint.

" 52 " " : Töfratréð, litogr., árituð, númeruð, 285 eint.

" 53 MAX PAPART: Love on the seaside, litogr. árituð, númeruð,120 stk.

" 54 PICASSO: Kona. mynd frá 1956.

" 55 YVARAL: Structure cubicue en creax jaune/orange, serigrafi árita, númerað, 200 eint.

" 56 CHRISTIAN LEPÈRE: Svartklædda konan, etsning, árituð, númeruð

" 57 CHRISTIAN LEPÈRE: Le grand bouquet , etsning, áritað, númerað 80 eintök

Félagið MYNDKYNNING:

Pósthólf 1151, Reykjavík.

Það þarf vart lengur að útskýra fyrir fólki hér um slóðir hvað grafík **er** og útlista hin ýmsu vinnubrögð grafíklistamanna á stein, í dúk, koparplötu eða silkisáld, því uppgangur þessarar listgreinar hefur verið feikilega mikill hér síðustu 3-4 árin. Félagið Íslensk grafík hefur kynnt alla tækni og verk félagsmanna eldri sem yngri ötullega og erlend sendiráð hafa vikkað þann sjónhring að mun með sýningum á verkum þarlendra listamanna á þessu sviði.

Ég held samt að hvalreki sem þessi sýning er, hafi ekki komið á fjörur íslenskra grafíkunnenda um árabil. Hér sjáum við koparstungu eftir Píkassó sem signeruð er í plötuna, einkennandi fyrir hinn hvatlega og örugga teiknistíl meistarans og hér er sömuleiðis til sýnis handbragð og sérkennilegur myndheimur Salvadors Dali sem í fjóra tugi ára hefur verið frægastur súrrealista. Hér er einnig að finna verk eftir Victor Vasarely sem verið hefur frumkvöðull í optískri afstraktlist undanfarin 20 ár og hefur m.a. haft ómæld áhrif á nokkra íslenska listamenn. Einnig eru hér nýjar stjörnur á myndlistarhimninum, t.d. Yvaral (sonur Vasarelys) sem getið hefur sér mjög gott orð fyrir strendingasjónhverfingar sínar og fágað handbragð. Aðrar listrændar tilhneigingar í evrópskri list eiga hér fulltrúa, - t.a.m. sjáum við belgíska listamanninn Corneille úr Kóbra-hópnum með kröftugt ljóðrænt verk eins og hans er von og vísa og hér er frakkinn Soisson sem bergt hefur af sama brunni. Ekki má heldur gleyma ítalanum Gaetano Pompa og furðuveröld hans eða frakkanum Max Papart sem verið hefur í fremstu röð grafíklistamanna og bókaskreytingamanna í Evrópu í mörg ár.

Fleiri listamenn mætti sjálfsagt nefna. En það sem gerir þessa sýningu að alveg sérstökum viðburði fyrir okkur íslendinga er að þungamiðja hennar eru 23 grafíkverk eftir Guðmund Erró, hinn afkastamikla og víðfræga glataða son íslenskrar listar og er þetta því stærsta sýning á verkum hans hér á landi í áratug. Grafík Errós er að því leyti sérstæð að í langflestum tilfellum er hún endurtekning hugmynda sem hann hefur þegar unnið úr í málverki. Tilgangur Errós með þessu er að gefa almenningi tækifæri til þess að njóta verkanna en ekki ríkum málverkasöfnurum eingöngu. Í hnotskurn sjáum við því ærslafullan leik Errós með gnægtir og hörmungar nútímamenningar, þar sem þverstæður og ummyndanir hafa stóru hlutverki að gegna. Undantekning frá þessum "endursögnum" er hin japanska myndröð Errós "Made in Japan" sem unnin er sem grafík frá upphafi og á eflaust eftir að koma almenningi á óvart. Þar setur listamaðurinn saman erótík úr rekkjusiðabókum japana, "shunga" og ofbeldi úr vestrænum hasarblöðum og inntak myndanna er sem fyrr margrætt og áleitið.

Það er því full ástæða til þess að þakka félagsskapnum Myndkynning fyrir þessa sýningu og vona að aðrar slíkar fylgi á eftir hér að Kjarvalsstöðum.

Aðalsteinn Ingólfsson

BARNET, Will

Fæddist árið 1911 í Massachusetts, Bandaríkjunum. Hefur stundað nám við listaskóla í Bandaríkjunum ásamt kennslu við marga háskóla. Barnet hefur haldið a.m.k. 15 einkasýningar í mörgum löndum. Af þeim samsýningum sem hann hefur tekið þátt í má nefna The International Biennal Exhibition of Prints í Tokyo 1960 ásamt sýningum í Guggenheim-museet og Moderna Museet í New York. Hann á verk í helstu listasöfnum fyrir nútímalist.

BENGT, Lindström

Fæddist árið 1925 í Storsjö Kapell, Harjedalen, Svíþjóð. Stundaði nám við Konstfackskolan og Grünewalds málar-skola í Stockholm. Eftir nám við Kunstakademíuna í Kaupmannahöfn og Art Institute of Chicago 1945-47, fluttist hann til Parísar og hefur starfað þar síðan. Verk Lindströms má finna m.a. í Moderna museet í Stokkhólmi, CNAC í París, Louisiana í Kaupmannahöfn, Museum van Ooestende, Aix la Chapellex Museum í Þýskalandi, Carnegie Museum í Bandaríkjunum og Budva Buseum í Júgóslavíu.

CALDER, Alexander

Fæddist árið 1898 í Philadelphiu, Bandaríkjunum. Var fyrst við nám í verkfræði, en 1923 hóf hann nám við listaskóla í New York, og þar hófst listaferill hans 1926. Eftir að hann fluttist til Parísar kynntist hann Miro og Mondrian. Þessi kynni höfðu þau áhrif að list hans varð meira afstrakt. Verk Calders, m.a. hreyfimyndir hans, má finna í helstu listasöfnum heimsins, t.d. Guggenheimmuseet í New York og Listasafninu með verkum frá Vesturlöndum í Moskvu. Í mörgum þessara safna hafa verið haldnar einkasýningar á verkum hans.

CARABELLESE, Piero

Einn af fremstu listamönnum Ítala í nútíma- og afstraktlist. Carabellese fæddist árið 1924 í Trani, Ítalíu. Eftir nám við listakademíuna í Róm hefur hann kennt málaralist og hönnun í Róm. Hann hefur haldið sýningar í helstu lista-söfnum Rómar. Meðal verðlauna sem honum hafa hlotnast má nefna mörg fyrstu verðlaun í málara-list ásamt fyrstu verðlaunum í innanlandssam-keppni um teikningar á opinberum byggingum í borgunum Roma Lecca og Reggio Emilia.

CORNEILLE,
(Corneille Guillaume van Beverloo)

Fæddist árið 1922 í Liége, Belgíu, af hollenskum foreldrum. Býr í París. Corneille stundaði nám í teikningu á Listaakademíunni í Amsterdam og í grafík hjá Stanley W. Hayter í París. Hann stofnaði tvo listamannahópa, þ.e. hollenska Eflex-hópinn (1947) og Cobra-hópinn (1948). Árið 1946 sýndi Corneille fyrst verk eftir sig, og verk hans hafa síðan verið sýnd í mörgum listasöfnum og listamiðstöðvum í Evrópu og Ameríku.

DALI, Salvador

Fæddist árið 1904 í Figueras, Spáni. Stundaði nám í teikningu í Madríd. Eftir tímabil með kúpönskum áhrifum fann hann sinn eiginn stíl. Í París kynntist hann Picasso og surrealistunum og vann sér til frægðar fyrir hin súrrealistísku verk sín, bæði í Evrópu og Bandaríkjunum. Dali hefur ávallt verið umtalaður listamaður og verk hans prýða nú veggi margra listasafna og einkasafna um víða veröld.

DAVILA, Carlos

Fæddist árið 1935 í Lima, Perú. Stundaði nám við listakademíuna í Lima árin 1955-1960. Davila fluttist til New York árið 1966, þar sem hann býr og starfar. Hin grafísku verk hans sýna oft geómetrískar fígurusamsetningar. Davila hefur tekið þátt í sýningum í fjölda landa auk Banda-ríkjanna, m.a. í Frakklandi, Englandi, Ítalíu, Sviss og V-Þýskalandi, og verk hans eru sýnd í mörgum listasöfnum og stofnunum í Evrópu og Bandaríkjunum.

DE CARLO

Fæddist árið 1925 í Panama. Fluttist til Banda-ríkjanna í stríðslok og hóf þá nám við Art Student's League í New York. Síðan 1951 hefur hann stundað nám við Ecole des Beaux Arts og Académie de la Grande Chaumiére í París.

DREWES, Werner

Fæddist árið 1899 í Canig, V-Þýskalandi. Nam arkitektúr og hönnun í Charlottenburg og Stuttgart, og var síðan um tíma við Bauhaus í Weimar og Dessau. Fluttist til Bandaríkjanna og varð ríkisborgari þar árið 1936. Hefur kennt þar málaralist og teikningu við marga listaskóla. Verk hans eru m.a. í Moderna Muséet í Frankfurt, Jerusalemmuséet í Palestina og Guggenheimmuséet í New York.

ERRÓ (Guðmundur Guðmundsson) er fæddur 19. júlí 1932 á Ólafsvík, og stundaði nám við Myndlistarskólann í Reykjavík og Listaakademíuna í Osló 1949-54. Milli 1953 og 1955 ferðaðist hann um Spán, Þýskaland, Frakkland og Ítalíu, en frá 1955 til 1958 málaði hann og gerði mósaíkmyndir í Flórens. Ferill Errós hefur verið ævintýri líkastur, hann hefur haldið milli 20-30 einkasýningar víða um Evrópu við mikið lof og jafnframt miklar deilur. Einnig hefur hann tekið þátt í uppákomum, gert kvikmyndir og ferðast um gjörvallan heim í leit að myndefni. Málverk Errós eru nú í flestum meiri háttar söfnum Evrópu, m.a. Musée d´Art Moderne, París og Moderna Museet í Stokkhólmi.

FRIESENDAHL, Cecilia

Fæddist árið 1922 í Stokkhólmi, Svíþjóð. Stundaði nám við Listakademíuna í Stokkhólmi og Academie de la Grande Chaumiére í París. Ferðir til m.a. Ísrael, Egyptalands og Mexíkó. Cecilia Frisendahl hefur sérstaklega tekið fyrir fólk og dýr á hreyfingu í verkum sínum - áberandi mótív í teikningum hennar og grafíkmyndum. Hún hefur oft haldið einkasýningar í Stokkhólmi og síðan 1970 hefur hún verið forstöðukona hjá Grafiska Sällskapets Experimentverkstad í litógrafíu.

GENAY, Marcel

Fæddist í Le Havre 1929. Býr nú í Biarritz og París, þar sem hann hefur náð miklum framförum. Ferðir hans til Ítalíu, Grikklands og Tyrklands hafa haft þau áhrif sem hann endurspeglar á frábæran hátt í verkum sínum. Genay á listaverk í öllum stærri söfnum í Evrópu og Bandaríkjunum. Hann hefur haldið margar einkasýningar, og samsýningar með verkum hans hafa verið haldnar m.a. í París, Venedig, San Francisco, Biarritz, Nancy, Ulm og Basel.

GREEN, Rosalaar

Mikilsmetinn enskur listamaður, hefur unnið að mörgum listaverkum í Frakklandi. Hin grafísku verk hans hafa notið mikillar viðurkenningar, bæði hjá gagnrýnendum og söfnurum. Verk Greens hafa verið sýnd víðsvegar í Evrópu.

GUY, Massol

Fæddist árið 1951 í París. Verk hans hafa verið sýnd á mörgum einkasýningum í París. 1970 fékk hann heiðursútnefningu
við Biennalen í Cherbourg. 1974 hlaut hann verðlaun frá le Fondation de la Vocation í Frakklandi. Massol hefur einnig tekið þátt í samsýningum, m.a. í Düsseldorf og Barcelona og verk eftir hann eru í Alcazar-safninu á Spáni.

D´HAUTERIVES, Arnaud

Fæddist árið 1933 í Braisne, Frakklandi. Listnám við Ecole Nationale Supérieure des Beaux-Arts í París árin 1955-1957 ásamt fjórum árum við Villa Medici í Róm hjá hinum fræga listamanni Balthus. D´ Hauterives hefur hlotið margar viðurkenningar eftir sýningar á Ítalíu, Spáni, Hollandi, Rússlandi, Japan, Bandaríkjunum og Kanada.

LEBADANG

Fæddist árið 1922 í Quang Tri í Vietnam. Fluttist til Frakklands árið 1939 og stundaði nám í sex ár við listaskólann í Toulouse. Síðan fluttist hann til Parísar og hélt þar sína fyrstu sýningu. Sem listmálari og grafíklistamaður hefur hann myndskreytt fjölmargar bækur. Þrátt fyrir að Lebadang kæmi svo ungur til Frakklands, hefur hann orðið fyrir miklum áhrifum frá sínum austurlenska uppruna. Hann hefur haldið sýningar í Düsseldorf, Genf, París, London ásamt Philadelphiu og Memphis í Bandaríkjunum. 1954 fékk Lebadang Dome-verðlaunin og árið eftir verðlaun frá Biennalen í Sao Paulo.

LEPERE, Christian

Fæddist árið 1942 í París. Stundaði listnám við Ecole des Arts Appliqués. Árið 1971 fékk hann önnur verðlaun í graflist fyrir verk sitt "Les prisons". Listaverk hans hafa verið sýnd í Biennalen í Epinal 1970 og Biennalen í Angouléme 1973. Auk þess hefur Christian Lepere haldið einkasýningar á Frappier í París.

NORDELL, Eskil

Fæddist árið 1921 í Boxholm og býr þar. Nordell er aðallega sjálflærður listamaður og hefur í þeim tilgangi heimsótt mörg Evrópulönd. Auk einkasýninga hefur hann tekið þátt í samsýningum m.a. Nationalmuseum í Svíþjóð. Einnig í Noregi, Danmörku og Bandaríkjunum hjá Nordisk Grafikutstellning. Nordell hefur unnið töluvert við myndskreytingar á bókum og tímaritum og á verk á mörgum listasöfnum í Svíþjóð. Árið 1955 gerði hann veggskreytingu í Lesjöfors Centralskola í Svíþjóð.

PAPART, Max

Fæddist árið 1911 í Marseille. Frá átta ára aldri stundaði hann nám í listaskóla, samtals í tíu ár. 1936 fluttist hann til Parísar og var tvö ár við nám í Louvre-skólanum. Hann hefur gert fjölmargar litógrafíur og etningar ásamt myndskreytingum á mörgum bókum. Papart hefur sýnt verk sín á m.a. Gallerie Paul Petrides og verk hans er að finna á mörgum listasöfnum í Evrópu og Bandaríkjunum.

PICASSO, Pablo

Fæddist árið 1881 í Malaga, Spáni. Listaferill hans hófst í Barcelona er hann var 16 ára. Eftir "bláa" og "bleika" tímabilið (1901-06) urðu umskipti í list Picassos. "Les Demoiselles d´Avignon" (1907), sem álitið er fyrsta kúbanska málverkið, hefur haft mikil áhrif á þróun nútímamálaralistar. Listferill Picassos nær einnig yfir neo-klassiskt og surrealistiskt tímabil. Frá 1948 til dauðadags bjó hann á frönsku rivierunni, þar sem hann helgaði sig einkum keramikverkum og litógrafíum. Hann er talinn einn mesti listamaður okkar tíma, brautryðjandi og mótandi í nútímalist.

POMPA, Gaetano

Fæddist árið 1933 í Forenza, Ítalíu. Býr í Róm, og hefur þar vinnustofu. Pompa er mjög þroskaður og afkastamikill listamaður. Á árunum 1957-1972 hélt hann a.m.k. eina einkasýningu á ári og á sama tímabili tók hann þátt í meir en 40 samsýningum hvarvetna í heiminum. Listaverk hans bera áhrif frá miðöldum ásamt dráttum frá japanskri listvenju, og má finna þau á listasöfnum í Afríku, Ameríku og Evrópu.

PROCKTOR, Patrick

Fæddist árið 1936 í Dublin, Írlandi. Einn sá fremsti af yngri listamönnum í Englandi. Patrick Procktor stundaði nám við Slade School og við háskólann í London og hefur tekið þátt í mörgum sýningum bæði í Englandi og Ameríku. Auk margra einkasýninga má nefna sýningar hans í Redfern Gallery í London.

REUTHER, Wolf

Fæddist árið 1917 í Mannheim, V-Þýskalandi. Síðan 1950 hefur hann búið í París. Hann fæst aðallega við litógrafíur, akvarellur og teikningar. Reuther hefur ferðast um gervalla Norður- og Suður-Ameríku, Afríku og Evrópu, og má sjá áhrif af ferðum þessum

í list hans. Verk Reuthers hafa verið sýnd á einkasýningum m.a. í París, München, Berlín, Hamburg, Stokkhólmi, Kaupmannahöfn, Milanó, Mexico City og Sao Paulo. Verk hans er að finna m.a. í Musée de la Ville í París, Wallraff-Richards Museum í Köln, Musée du Petit Palais í Genf og Museo Arte Moderno í Mexico City.

ROHNER, Georges

Fæddist í París árið 1913. Eftir nám við listaskóla, tekur hann þátt í samsýningu, þá 22 ára, og ári seinna heldur hann sína fyrstu einkasýningu. Síðan hefur hann tekið þátt í fjölda sýninga ásamt þó nokkrum einkasýningum.

Georges Rohner hefur oftsinnis tekið að sér veggskreytingar í opinberum byggingum. 1968 var hann valinn í Akademíuna fyrir fagrar listir. Verk hans má finna á listasöfnum víða í Frakklandi og hefur hann einnig sýnt í Evrópu, S-Ameríku og Bandaríkjunum.

SAUZET, Claude

Fæddist árið 1941. Stundaði nám við listaskólann í Numes, Frakklandi. 1968 tók hann upp samvinnu við listaverkaútgefandann og listasafnaeigandann Régis Langloys, sem hefur komið honum á framfæri víðs vegar í heiminum. Listaverk hans eru m.a. í New York, Kaupmannahöfn og Tokyo. Hann hefur haldið einkasýningar og tekið þátt í samsýningum víðs vegar í Frakklandi. Claude Sauzet hefur hlotið mörg verðlaun fyrir verk sín í Frakklandi.

SIRY, Jean Etienne

Hann er nú 28 ára. Fyrsta stóra verkefni hans var í kvikmyndunum. Afleiðingin af kynnum hans af kvikmyndastjörnunum varð sú að þær óskuðu heldur að fá málverk af sér hjá raunverulegum listmálara. Nú á málaralistin og litógrafían hug hans allan og má sjá áhrif frá hinum miklu súrrealistum di Chirico, Delvaux, Magritte og Dali. Siry sýnir reglubundið á Galerie Marais í París.

SOISSON, Jacques

Fæddist árið 1928 í París. Stundaði nám í málaralist og höggmyndalist við listaskólann í Montpellier. Soisson hefur tekið þátt í mörgum samsýningum, m.a. í Tendance Air France, Biennalen i Menton og Listasafninu í Le Havre. Hann hefur haldið einkasýningar í Montpellier, Alger, Dieppe, Genf, París, Zürich, Brussel, Dusseldorf og Lyon.

VASARELY, Victor

Fæddist árið 1908 í Pecs, Ungverjalandi. Vasarely stundaði fyrst nám í læknisfræði en hætti og hóf nám í listfræði árið 1927. Hinn frábæra árangur hans hvarvetna í heiminum má skýra með nokkrum dæmum: Utanríkisráðherra Frakklands sló hann til riddara lista- og bókmenntasamtakanna (1965), heiðursborgari í New Orleans, Bandaríkjunum (1966), heiðursprófessor við listaháskólann í Búdapest (1969), riddari Heiðurssveitarinnar (1970), Heiðursorðan í Aix-en-Provence, Frakklandi og Györ, Ungverjalandi (1971). heiðursborgari í Villeparisis, Frakklandi (1973). Síðan 1955 hefur Vasarely hlotið um 20 verðlaun og teiknað fjölmargar byggingar. Verk hans má finna á um 70 listasöfnum víðs vegar í heiminum.

YVARAL

Fæddist árið 1934 í París. Sonur Victor Vasarely. Stundaði nám í grafík við l´Ecole des Arts Appliqués í París. Síðan 1956 hefur hann haldið ca. 10 einka- og samsýningar á ári. Hann hefur fengið mörg verkefni við skreytingar fyrir opinbera aðila. Hann hefur hlotið gullverðlaun frá 4:e Biennalen í San Marino, 3:e Biennalen í París, Triennalen í Nýju Dehli og árið eftir frá Biennalen í Alexandríu. Modern Museum í París, Tate Gallery í London, Modern Museum í New York og mörg önnur listasöfn geyma verk eftir Yvaral.

Félagið Myndkynning
Pósthólf 1151 - Reykjavík - Sími 82420